

Starfsáætlun leikskólans Álfabergs 2013 - 2014



Formáli

Starfsáætlun þessi er unnin samkvæmt fyrirætlunum Fræðslustjóra og er öllum leikskólum Hafnarfjarðarbæjar skylt að vinna slíka áætlun. Ábyrgðaraðili er Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, leikskólastjóri.

Byrjað er á tilgreina almenn hlutverk leikskólans og sagt frá meginmarkmiðum leikskólans Álfabergs. Þar á eftir er fjallað um þjónustu við hagsmunaaðila en þeir eru börn og fjölskyldur þeirra. Því næst koma fjárhagsleg markmið leikskólans og þar á eftir kemur kafli um ferli og snýr hann að starfseminni í heild. Að lokum er sagt frá þeim mannauði sem leikskólinn býr yfir og hugmyndum um hvernig byggja megi upp starfsánægju, jákvæða og faglega starfsþróun. Verkefnalisti leikskólans er útfærður á sama hátt og þar eru sett niður verkefni vetrarins og ætlunin er að meta þau að skólaári loknu.

Hlutverk leikskólans er

- Að búa börnum hollt og öruggt umhverfi þar sem hver og einn upplifi sig mikilvægan og skapandi einstakling sem finni til vellíðunar dag hvern.
- Að skapa börnum umhverfi og aðstæður til lærdóms út frá fjölbreyttum kennsluáðferðum – það er leikur að læra.



Áherslupættir leikskólans

- Áhersla er á leik og störf í gegnum áhuga og styrk barnsins og efla með því trú þess á sjálft sig og hámarka um leið getu þess. Hugmyndafræði Howards Gardners verður leiðarljós okkar á þeirri leið og að vera meðvituð um að allir séu góðir í einhverju en enginn í öllu. Snillistundir (hópastarf) verða a.m.k. fjórum sinnum í viku þar sem unnið er samkvæmt hugmyndafræðinni.
- Þrír megin áherslupættir leikskólans eru íslenska, stærðfræði og lífsleikni. Unnið er með hvern áherslupátt í lotu sem stendur yfir í einn mánuð í senn og eru Snillistundir notaðar til að kafa djúpt ofan í viðfangsefnin. Val verkefna hverju sinni fer eftir aldri barnanna og eftir því sem þau eldast fara þau að hafa meiri áhrif á þau sjálf. Leikurinn er í fyrrirúmi og að börnin uppgötvi og rannsaki.
Einnig er áhersla á skapandi starf og vettvangsferðir. Þessir þættir fléttast í gegnum allt leikskólastarfið ásamt því að tengjast vinnu í Snillistundum.
- Síðast en ekki síst er áhersla lögð á að mynda jákvætt andrúmsloft, skapandi og lærdómsríkt fyrir börn og fullorðna. Starfsmannahópurinn sameinast um hugmyndir, miðlar þekkingu sín á milli og við lærum hvert af öðru. Helsta verkefni hvers og eins er að verða skapandi, öruggur og lausnamiðaður í starfi sínu.

Þjónusta

Velliðan hvers barns.

- Við leggjum okkur fram við að mæta hverju barni þar sem það er statt í þroska og unnið er að því að byggja ofan á þá þekkingu sem fyrir er. Leiðarljós leikskólans er: *Það er leikur að læra* og leitast er við að gleði ríki á hverjum degi í leikskólanum. Horft er á styrkleika hvers barns til þess að styrkja það enn frekar í leik og námi.
- Í leikskólann höfum við innleitt SMT – skólaferni og lögð er áhersla á jákvæðan aga, hvatningu og hrós. Markmiðið er að hvert barn heyri nafnið sitt í samhengi við hvatningu og jákvæða merkingu daglega.

Gott samstarf við foreldra.

- Foreldrasamstarf er lífsleikni og samvinna felst í því að finna lausnir saman.
- Mikil áhersla er lögð á farsæl og jákvæð foreldrasamskipti. Mikilvægt er að foreldrar upplifi sig velkomna í leikskólann og að þeir eigi hlutdeild í starfinu. Leikskólinn er þeim ávallt opinn.
- Foreldrar eru sérfræðingar barna sinna og til þeirra leitum við eftir upplýsingum.
- Boðið er upp á eitt formlegt foreldrasamtal á ári í kringum afmælisdag barnsins. Að sjálfsögðu er alltaf í boði að fá fleiri ef foreldrar vilja. Við erum þeim ávallt innan handar og tilbúin að taka á móti þeim ef þarf.

Þverfaglegt samstarf.

- Á skólaárinu verður samstarf við Vídistaðaskóla í Engidal þróað enn frekar.
- Grunnur hefur verið lagður að þverfaglegu starfi á milli starfsmanna og deilda skólans og höldum við áfram að móta það. Starfsmenn vinna í teymlum eftir áhugasviði sínu.
- Markmið okkar er að eiga góða samvinnu við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og aðra samstarfsmenn Hafnarfjarðar.

Fjármál

Aðhald í fjármálum.

- Markmiðið er að stjórnendur leikskólans verði vel inni í öllum fjármálum leikskólans og að hann standist fjárhagsáætlun.
- Starfsmenn verða upplýstir reglulega um fjárhagsstöðu leikskólans.
- Innkaup verða vönduð og leitað eftir tilboðum þegar við á. Lögð verður áhersla á að nýta sem best það sem til er í leikskólanum.

Ferli

Gott upplýsingaflæði.

- Gott upplýsingaflæði er grunnur að góðu samstarfi. Vikulega verða flæðisfundir ólíkra hópa starfsmanna til að tryggja gott flæði upplýsinga, t.d. Smt-teymisfundir, deildastjórafundir, deildarfundir , o.fl.
- Stöðugt verður unnið að því að gera einkunnarorð leikskólans virk: „Það er leikur að læra“. Áfram munum við þróa hugmyndabanka í tengslum við faglegt starf með börnunum og áhersluþætti leikskólans.
- Heimasíða á að vera virk og a.m.k. vikulega á að færa inn nýjar upplýsingar og fréttir fyrir foreldra og aðra.
- Sendir verða tölvupóstar með upplýsingum eftir þörfum fyrir fjölskyldur barna leikskólans. Dagskrá mánaðar er sett upp á vegg fyrir framan hverja deild foreldrum til upplýsinga.
- Haldinn verður einn kynningarfundur að hausti fyrir nýja foreldra . Að þeim fundi loknum halda Foreldraráð og Foreldrafélag leikskólans sinn aðalfund og þá er öllum foreldrum boðið að koma og eftir þann fund eru deildir opnar og deildarstjórar kynna starf vetrarins og fara yfir gagnlegar upplýsingar.

Mat á skólastarfi.

- Reglulegt mat fer fram hjá starfsmönnum á skólastarfinu og foreldrakannanir eru annað hvert ár. Mat er skráð í ákveðna endurmatsmöppu um það bil mánaðarlega og eftir ákveðna viðburði í skólanum s.s. Þorrann, Dag leikskólans, jól, páska o.s.frv.. Einnig ræðir starfsmannahópurinn saman um hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Skipulagsdagar og starfsmannafundir eru einnig nýttir fyrir mat og umræður um hvernig bæta megi gott skólastarf.

Ferli

Skóli sem lærir.

- SMT innlögn er að minnsta kosti mánaðarlega. Aðferðin er lögð inn á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt til starfsmanna. Þannig verður jákvæður agi í menningunni daglega.
- Aðalnámskrá leikskóla, Skólastefna Hafnarfjarðar og stefna leikskólans mynda skólanámskrá sem er virkt og lifandi plagg í vinnubrögðum, viðhorfum og staðblæ.
- Hugmyndafræði Howards Gardners er innleidd áfram smátt og smátt allt skólaárið. Fræðsla, lesefni, hópavinna, umræðuhópar, hugmyndabankar, verkefnavinna og flæðisfundir.
- Fræðsla er á milli starfsmanna á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Þeir starfsmenn sem hafa sótt sér fræðslu á námskeiðum eða ráðstefnum kynna og miðla því námsefni til annarra starfsmanna. Einnig nýtum við mannauðinn og erum með fræðslu fyrir hvort annað.

Mannauður

Starfsþróun og símenntun.

- Áhugi starfsmanna og ábyrgðarsvið ræður miklu um starfsþróun hvers og eins. Þeir starfsmenn sem hafa byggt upp sérþekkingu miðla henni til annarra.
- Hver og einn starfsmaður getur komið með óskir um símenntun sem tekið er mið af.
- Unnið verður markvisst að því að jákvæð starfsþróun eigi sér stað meðal starfsmannahópsins í heild.
- Fagleg sýn og vinnubrögð verða til umfjöllunar á öllum fundum leikskólans auk þess gerð sýnileg í starfsmannahandbók og í umhverfi leikskólans.
- Við erum skóli sem lærir: Við verðum með kynningar og stutta fyrirlestra á vegum starfsfólks, lesefni, umræður og lausnaleit. Starfsmenn verða hvattir til að nýta undirbúningstíma sinn í vettvangsheimsóknir til að leita eftir nýrri þekkingu. Á árinu 2013 - 2014 ætlum við að innleiða enn frekar hjá okkur dreifða forystu sem þýðir að ábyrgð er dreift á starfsmannahópinn og þannig upplifa allir að þeir eigi hlutdeild í leikskólanum og þróun hans.

- Stefnt er að því að hafa stutt starfamannaviðtal einu sinni fyrir áramót til að kanna líðan starfsmanna og síðan hefðbundið starfsmannaviðtal eftir áramótin.
- Starfsmannahópurinn vinnur saman að gerð ýmissa áætlana sem til eiga að vera. Á skólaárinu stefnum við að því að gera áætlun varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, sem og að leggja lokahönd á Skólanámskrá. Einnig að endurmeta jafnréttisáætlun og ljúka gerð rýmingaráætlunar.
- Nýir starfsmenn leikskólans fá fyrirlestur um starfshætti hans, kynningu á lotuvinnu sem og að hver og einn starfsmaður fær þrjú til fjögur leiðbeinendaviðtöl. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri munu halda utan um þessi viðtöl. Mikilvægt er að nýr starfsmaður fái handleiðslu deildarstjóra í a.m.k. eina viku eftir að hann hefur hafið störf í leikskólanum.

- Stór þáttur í starfi leikskólans er sérkennsla. Á skólaárinu munum við halda áfram að þróa verkferla henni tengt og samvinnu við foreldra. Sérkennslustjóri leiðir þessa vinnu og heldur utan um sérkennslu skólans og leiðbeinir starfsfólki og setur upp þjálfunaráætlun fyrir börnin. Einnig fylgir hann hverju máli eftir, metur framfarir og hefur eftirfylgni með endurmati.
- Samráðsteymi/lausnateymi leikskólans er virkt og fundar það eftir þörfum. Starfsmenn og foreldrar geta vísað málum í samráðsteymið/lausnateymið sem setur þau í ákveðið ferli og leitar lausna í samráði við deildarstjóra eða aðra starfsmenn sem við á. Oft felast lausnir í að nota verkfæri SMT-skólafærni og verður sú færni leiðbeinandi í lausn mála.

Mat á árinu 2012 - 2013



Þjónusta

Velliðan hvers barns.

- Á síðasta skólaári stækkaði leikskólinn um þrjár deildir, fjöldi barna fór úr um það bil 42 börnum í 94 börn. Starfsmönnum fjölgaði úr 10 í 30. Á meðan framkvæmdir stóðu yfir var starfsumhverfi barna og fullorðinna óvenjulegt og á tímum erfitt. Mikið var um iðnaðarmenn og hávaða en starfsmenn lögðu sig fram við að láta börnunum líða sem allra best. Það var því ánægjulegt þegar framkvæmdum lauk og meiri festa komst í starfið okkar og ró og friður. Nokkuð lengi var beðið eftir nýju útisvæði fyrir yngri börn leikskólans en það var tekið í notkun í júní.

- Aðlögun nýrra barna stóð yfir frá ágúst og fram í febrúar og teljum við að tekist hafi vel til. Starfsmönnum tókst að mæta vel þörfum barnanna og þroska þeirra. Í foreldrakönnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar kom fram að foreldrar voru lang flestir ánægðir með aðlögun barns síns, viðmót starfsmanna og hvernig haldið var utan um ferlið. Þó kom fram athugasemd um að foreldrar hefðu upplifað ringulreið og að þeir vildu að barnið sitt tengdist ákveðnum starfsmanni sem fylgdi því frá því það kæmi í leikskólann og þangað til það færi heim. Við getum tekið undir ringulreið þar sem leikskólinn var að stækka og um tíma var starfsmannafjöldi meiri en venjulega er við að búast þar sem búið var að ljúka ráðningum miðað við að leikskólinn væri fullsetinn en deildarnar voru ekki allar komnar í notkun. Á komandi skólaári munum við nýta okkur ábendingar foreldra þannig að nýir foreldrar og börn muni strax upplifa öryggi og festu í leikskólastarfinu okkar. Einnig að einn starfsmaður beri ábyrgð á aðlöguninni í samvinnu við deildarstjóra viðkomandi deildar.

- Unnið var með áhersluþætti leikskólans í lotuvinnu og var verkefnaval miðað við aldur og getu hvers barns. Sífelld erum við að endurmeta þá vinnu og búa til hugmyndabanka að verkefnum sem hæfa hverjum aldri og um leið styrkja starfsmennina í starfi. Í starfsmannasamtölum kom fram að starfsmenn eru óöruggir um hvaða verkefni er hægt að vinna með börnunum í lotum og á komandi skólaári munum við hafa fræðslu, miðla hugmyndum og vinna enn frekar að því að styrkja starfsmannahópinn. Einnig hefur verið ákveðið að vinna eftir könnunaraðferðinni í hverri lotu og að taka fyrir ákveðin þemaverkefni eftir aldri barnanna. Þau sem eldri eru ákveða sjálf í samráði við kennara sinn hvað þau langar til rannsaka og fá tækifæri til að kafa djúpt ofan í hvert viðfangsefni. Um leið og við vinnum verkefnin okkar verða þau tengd við áhersluþætti leikskólans, þ.e. íslensku- stærðfræði og lífsleikni. Þar sem leikskólinn starfar í anda kenningu Howard Gardners verður hver lota jafnframt tengd henni.

- Í endurmati starfsmanna kom fram að leggja þurfi meiri áherslu á starf elstu barna leikskólans með þeim hætti að þau fái krefjandi og skemmtileg verkefni til að takast á við.
- Í foreldrakönnun sem gerð var af Hafnarfjarðarbæ á árinu kom fram almenn ánægja foreldra hvað varðar vellíðan barns þeirra í leikskólanum og þau viðfangsefni sem barn þeirra tekst á við. Helsta gagnrýni sem kom fram í könnuninni var varðandi útisvæði leikskólans en um tíma vorum við með 94 börn í leikskólanum en eingöngu eitt útisvæði sem var allt of lítið fyrir allan þennan fjölda. Eins og áður sagði var nýtt útisvæði tekið í notkun í júní og var það byggt upp fyrir yngri börn leikskólans. Enn örlar á óánægju foreldra með það og finnst foreldrum að þar þurfi að gera betur. Helsta gagnrýnin felur í sér að þar vanti gróður og gras þannig að skólalóðin verði hlýlegri, skjólsælli og með minna malbik.

Gott samstarf við foreldra.

- Á árinu áttum við einstaklega gott samstarf við foreldra leikskólans. Leitað var til þeirra þegar verið var að huga að leiðum til að mæta einstaka barni. Foreldrar fengu upplýsingar um starfsemi leikskólans og samkvæmt foreldrakönnun var almenn ánægja foreldra með samskipti við starfsfólk. Við fáum seint þakkað foreldrum fyrir einstaka þolinmæði gagnvart því róti sem einkenndi skólaárið okkar vegna framkvæmda. Á hverjum degi mættum við brosandi foreldrum sem tóku síðan þátt í gleði okkar þegar framkvæmdum við leikskólann var lokið. Við leggjum gríðarlega mikla áherslu á góð foreldrasamskipti og að foreldrum og börnum liði ávallt vel hjá okkur.
- Við lögðum okkur fram við gott upplýsingaflæði til foreldra, virka heimasíðu og voru tölvupóstir sendir eftir þörfum. Dagskrá mánaðarins var hengd upp fyrir framan deildarnar og upplýsingatöflur notaðar til að koma skilaboðum til foreldra. Alltaf er hægt að gera betur og má heimasíða leikskólans vera enn meira upplýsandi fyrir starf skólans.

Þverfaglegt samstarf.

- Á síðasta skólaári höldum við áfram að móta samstarf okkar við Víðistaðaskóla í Engidal. Við áttum vinabekk og var það 4. bekkur í skólanum. Einnig höfum við átt ánægjulegt samstarf við 1. bekk. Við buðum vinabekknunum til okkar á degi leikskólans, hittumst á degi íslenskrar tungu, tókum þátt í að mynda vinakeðju utan um skólann, o.fl. Á komandi skólaári er fyrirhugað að þróa enn frekar þetta samstarf. Samvinna milli starfsamanna verður meiri sem og að elstu börn leikskólans munu borða hádegisverð með grunnskólabörnunum í matsal skólans.

- Starfsmenn leikskólans hafa unnið í þverfaglegu samstarfi og unnið sameiginlega að hugmyndabönkum að verkefnavinnu í Snillistundum. Einnig höfum við unnið í hópum að því að meta starfið okkar og leita leiða til að gera það enn betra. Óskir hafa komið fram um að mynda teymi með starfsmönnum sem starfa með sama aldurshóp til að miðla hugmyndum og þekkingu. Stefnt er að því að mynda slík teymi strax í haust þannig að vinna í Snillistundum verði enn markvissari.
- Samvinna okkar við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar hefur verið sérstaklega góð og þangað er gott að leita eftir faglegri ráðgjöf. Samskipti okkar hafa mest verið við Þróunafulltrúa leikskóla og Sérkennslufulltrúa. Einnig höfum við átt ánægjulegt samstarf við framkvæmdarsvið sem hélt utan um framkvæmdir leikskólans.

Fjármál

Fjármál.

- Á árinu lögðu stjórnendur sig fram við að fylgja eftir settum markmiðum, að halda sér innan ramma úthlutaðs fjármagns og vinna eftir innkaupaáætlun sem gerð var vegna stækkunar leikskólans. Það tókst að mestu leyti vel en upp komu óvænt innkaup eins og á fleiri stólum fyrir eldri börn leikskólans en ójafnvægi er ennþá mikið á fjölda yngri og eldri barna leikskólans eftir stækkun hans. Leikskólinn þurfti einnig að kaupa ný tæki en nokkuð hefur verið um að hlutum hafi verið stolið frá okkur. Á skólaárinu fengum við úthlutuðum fleiri sérkennslutímum en gert hafði verið ráð fyrir sem krafðist fleiri starfsmanna og því er launakostnaður hærri en launaáætlun sagði til um.

Ferli

Skóli sem lærir.

- Á árinu 2012 - 2013 gekk sérstaklega vel að halda áfram innleiðingu á SMT-skólafærni og aðlaga það að breyttum aðstæðum í leikskólanum. Reglur voru innleiddar á allar deildar, við vorum með skráningar og Brosin eru aftur komin í notkun af fullum krafti fyrir börn á aldrinum 3 -5 ára. Lausnateymi leikskólans var virkt og vann farsælega að fjölda mála. Starfmannahópurinn hefur í heild sinni lagt sig fram við að leggja áherslu á hvatningu, hrós, mörk og jákvæðan aga. Við höfum sameinast um að þetta séu okkar grundvallargildi í starfi með börnum. Á árinu varð leikskólinn sjálfstæður SMT-leikskóli og var af því tilefni slegið upp veislu og fengum við SMT-fána afhentan. Það var gríðarlega ánægjulegt að ná þessum áfanga um leið og leikskólinn var að stækka. Við höfum haldið SMT-skólafærni hátt á lofti í starfi okkar og teljum það eitt af okkar megin áhersluþáttum.
- Lagður var fyrir SET listi sem metur árangur SMT vinnu leikskólans og var niðurstaðan 93.7% árangur sem verður að teljast mjög gott. Einna helst þurfum við að bæta okkur í skráningum og vinna úr niðurstöðum þeirra.

- Við vorum með fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um starfshætti leikskólans og kenningu Howard Gardners. Einnig fengu allir eldri starfsmenn sömu kynningu. Nýir deildarstjórar voru að hefja störf og var haldinn fyrirlestur fyrir þá og aðra deildarstjóra. Farið var yfir hlutverk deildarstjóra, dreifða forystu og samábyrgð stjórnendahópsins. Í starfsmannasamtölum kom fram ánægja starfsmanna með þessa fræðslu og teljum við nauðsynlegt að viðhalda henni og stuðningi reglulega við starfsfólk. Nýir starfsmenn fengu þrjú til fjögur leiðbeinendaviðtöl og var reynt að halda vel utan um þá. Í nokkrum tilfellum tókst ekki að hafa slík viðtöl vegna manneklu og annarra ástæðna. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri héldu utan um þessi viðtöl og eftir endurmat höfum við ákveðið að deildarstjórar komi að þeim. Hugmyndin er að leikskólastjóri taki fyrsta viðtal en síðan taki aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri við áframhaldandi viðtölum. Teljum við að það muni leiða til þess að samstarf þessara aðila verði farsælt og að traust myndist enn frekar á fyrstu vikum í starfi nýs starfsmanns. Einnig teljum við það góða leið til að veita starfsmanni sem allra bestu leiðsögn í starfi.

- Í foreldrakönnun og starfsmannaviðtölum kom fram að upplýsingaflæði á deildunum er ábótavant. Foreldrum þótti vanta að starfsmenn sem væru að loka í leikskólanum hefðu upplýsingar um börnin. Við fórum strax í lausnaleit og þar á meðal var ákveðið að hafa ákveðna upplýsingabók á hverri deild sem starfsmenn skrá í yfir daginn. Einnig að starfsmenn merki á hverjum degi hvernig börnin borða og sofa.
- Starfsmenn sóttu fræðslu um grunnþætti nýrrar Aðalnámskrá á skipulagsdögum og tengdu hana síðan við starf leikskólans. Safnað var saman hugmyndum frá starfsmönnum allra deilda fyrir nýja Skólanámskrá sem vinna á eftir enn frekar úr. Almenn ánægja var með skipulagða fræðslu á vegum Skólaskrifstofu um grunnþætti nýrrar Aðalnámskrár.
- Til stóð að dýpka þekkingu okkar á fjölgreindarkenningu Howard Gardners en það tókst okkur ekki. Aðrir þættir eins og að koma festu á dagskipulag og skapa öryggi í starfsmannahópnum þurftu enn meiri tíma eins og á síðasta skólaári. Við þurftum við að einbeita okkur að aðlögun og að fræða nýja starfsmenn um starfshætti leikskólans. Í sameiningu vann starfsmannahópurinn að hugmyndabönkum fyrir stærðfræði-, íslensku- og lífsleiknilotur og tengdu við fjölgreindirnar.

Mannauður

Starfsþróun og símenntun.

- Í upphafi skólaárs og fram til áramóta sóttu fjölmargir starfsmenn námskeið sem í boði voru á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Lögð var áhersla á að nýtt starfsfólk fengi sem mestu fræðsluna sem og nýir deildarstjórar. Eftir að stækkun leikskólans var lokið gáfust ekki eins mörg tækifæri þar sem aðlögun var hafin og stóð yfir í langan tíma. Nokkrir starfsmenn sóttu námskeið í Stig af stigi, Numicon námskeið o.fl.
- Áhugi starfsmanna átti að ráða miklu um starfsþróun hvers og eins. Þegar við ákvaðum að taka aftur upp lotuvinnuna okkar tókst okkur að uppfylla þetta og tóku ákveðnir kennarar að sér ábyrgð á lotum eftir áhugasviði sínu. Á þennan hátt nýtist mannaúðurinn og krafturinn sem hann býr yfir. Haldið var áfram að þróa hugmyndabanka sem allir geta leitað í. Efnviði var safnað saman og flokkaður eftir lotum og á þann hátt varð hann mun aðgengilegri fyrir starfsmannahópinn. Ávallt er reynt að taka tillit til óskir starfsmanna um símenntun og að uppfylla þær.

- Eins og áður var á skólaárinu unnið að því að byggja upp liðsheild meðal starfsmanna og tókst það vel. Í starfsmannasamtölum kom fram mikil starfsánægja og virðist öllum líða vel. Lögð hefur verið áhersla á að starfsmannahópnunum líði vel saman og að gleði, samheldni og traust sé til staðar. Starfsmannahópurinn stækkaði verulega á skólaárinu og mikil vinna fór í að mynda samheldni strax frá fyrsta degi og að styrkja hópinn með fræðslu og annarri leiðsögn. Eftirfylgni til starfsmanna varðandi starfshætti leikskólans var mikil og var það liður í að mynda einn skóla en ekki marga litla, þ.e. að áherslurnar á hverri deild væru þær sömu.
- Eins og á síðasta skólaári var einna helst deilt á starfsumhverfið sem hefur verið okkur erfitt síðast liðið ár. Það var því gríðarlegur fögnuður meðal starfsmanna þegar framkvæmdum við stækkun leikskólans var lokið svo ekki sé minnst á þegar nýja útisvæði leikskólans var loksins tekið í notkun í júní. Starfsmannahópurinn er þó einstaklega þolinmóður og jákvæður og horfir björtum augum til framtíðar.
- Á síðasta ári var stefnt að því að starfsmannahópurinn ynni að gerð ýmissa áætlana sem eiga að vera til. Á árinu stefndum við að því að gera eineltisáætlun, áætlun um foreldrasamstarf, aðlögunaráætlun, rýmingaráætlun og áætlun varðandi öryggisvarnir. Þessum áætlunum er lokið fyrir utan rýmingaráætlun en henni var ekki hægt að ljúka vegna framkvæmda við leikskólann.

**Verkefnalisti
leikskólans Álfabergs
skólaárið 2013 - 2014**

Verkefnalisti fyrir árið 2013 - 2014

	jan	feb	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des
Foreldraviðtöl	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
Íslenskulota	X										X	
Vasaljósadaður	X											
Morgunkaffi með pabba/afa á bóndadeginum/þorablót	X											
Stærðfræðilota		X								X		
Fundur með sérkennsluráðgjafa og sálfræðingi skólaskrifstofu			X									
Morgunkaffi með mömmu/ömmu á konudeginum		X										
Dagur leikskólans		X										
Bolludagur, Sprengidagur, Öskudagur			X									
Lífsleiknilota			X						X			X
Fjölgreindir				X	X	X						
Íþróttadagur leikskólabarna í Hafnarfirði				X								
Brunaverðir	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
Vettvangsferðir tengt verkefnavinnu hverju sinni	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X
Umhverfisdagur með Víðistaðaskóla við Engidal				X								
Þjartir dagar.					X	X						
Sumarhátíð leikskólans og foreldrafélags						X						
Samsönguvika									X			
Evrópskur tungumáladagur									X			

